

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 52/2007**

**frá 8. júní 2007**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2007 frá 27. apríl 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1891/2006 frá 18. desember 2006 um fjármögnun til margra ára á aðgerðum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu til að bregðast við mengun frá skipum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 <sup>(2)</sup>, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 30, 3.2.2007, bls. 12.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 56o (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002):  
  
„56oa. **32006 R 1891**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1891/2006 frá 18. desember 2006 um fjármögnun til margra ára á aðgerðum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu til að bregðast við mengun frá skipum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 (Stjtið. ESB L 394, 30.12.2006, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 30, 3.2.2007, bls. 12.“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56o (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002):  
  
„– **32006 R 1891**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1891/2006 frá 18. desember 2006 (Stjtið. ESB L 394, 30.12.2006, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 30, 3.2.2007, bls. 12.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1891/2006, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 30, 3.2.2007, bls. 12, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 80, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 50.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 394, 30.12.2006, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## **Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila**

**vegna ákvörðunar nr. 52/2007 sem felur í sér ákvæði um að fella reglugerð  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1891/2006 inn í samninginn**

„Þótt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1891/2006 sé felld inn í samninginn er það gert með þeim fyrirvara að í reglugerðinni er vísað til gerða sem hafa ekki verið felldar inn í EES-samninginn.“